

32. gr.

**Búnaður fyrir farm.**

Engin viðbótarákvæði.

33. gr.

**Gildistaka.**

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um hópbifreiðir sem skráðar verða, viðurkenndar eða teknar í notkun í fyrsta sinn 1. mars 1993 eða síðar, nema annað sé ákveðið.

Jafnframt falla úr gildi sérreglur um stórar fólksbifreiðir í 19. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964. Ákvæðin gilda þó áfram um hópbifreiðir sem eru skráðar, viðurkenndar eða teknar í notkun fyrir 1. mars 1993, nema annað leiði af ákvæðum þessarar reglugerðar.

Heimilt er nú þegar að búa hópbifreiðir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. október 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Ólafur Walter Stefánsson.***REGLUGERÐ****um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta.**

1. gr.

Við innflutning á forsmíðuðum byggingum og sérstaklega tilsmíðnum byggingarhlutum skal greiða í ríkissjóð jöfnunarálag í tveimur gjaldflokkum, af vörum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

A. Af vörum í tnr. 4418.9001, 6810.9100, 7308.9001, 7610.9002 og 9406.0009 greiðist 10% gjald.

B. Af vörum í tnr. 3925.2011, 3925.2021, 4418.1001, 4418.2011, 4418.2021, 7308.3011, 7308.3021, 7610.1011, 7610.1021 og 9406.0001 greiðist 5% gjald.

Jöfnunarálag skal lagt á tollverð álagsskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. tollalaga nr. 55/1987.

2. gr.

Jöfnunarálag skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu álagsskyldra vara og skal gerð grein fyrir því í reit 40 í aðflutningsskýrslu.

3. gr.

Að því leytí sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um úrskurð um flokkun til álagsskyldu, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunarálag af innfluttum álagsskyldum vörum samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987 með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

## 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. tollalaga nr. 55/1987 öðlast gildi þegar í stað og tekur til vara sem ekki hafa verið tollafgreiddar fyrir gildistöku. Frá sama tíma fellur niður reglugerð nr. 289/1988 og reglugerð nr. 532/1988 um breytingu á henni.

*Fjármálaráðuneytið, 23. október 1992.*

**Friðrik Sophusson.**

*Jón H. Steingrímsson.*

30. október 1992

Nr. 388

## GJALDSKRÁ

**Selfossveitna bs.**

### Raforka.

#### I. Gjaldskrárlíðir vegna orkusölu.

Selfossveitur bs. selja rafmagn á orkuveitusvæðum Rafveitu Eyrarbakka, Rafveitu Selfoss og Rafveitu Stokkseyrar á þann hátt og við því verði sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
A.1 Almenn notkun . . . . .	6.30 kr/kWst	7.84 kr/kWst
A.2 Vinnuvélar, vinnuljós, o.þ.h. . . . .	9.98 kr/kWst	12.42 kr/kWst
A.3 Utanhússlýsing . . . . .	29.956.50 kr/kW/ár	37.295.84 kr/kW/ár
A.4 Sumarhús . . . . .	4.12 kr/kWst	5.13 kr/kWst
B.1 Iðnaður; rafvélar o.þ.h.		
– orkugjald . . . . .	2.15 kr/kWst	2.68 kr/kWst
– afgjald . . . . .	9.471.00 kr/kW/ár	11.791.40 kr/kW/ár
C.1 Rofin hitun; roftími 1 x 60 mín. . . . .	5.25 kr/kWst	6.54 kr/kWst
C.2 Rofin hitun; roftími 2 x 90 mín. . . . .	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
C.3 Næturhitun; roftími allt að 12 klst . . . . .	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
D.1 Hitun í iðnaði		
– næturtaxti 20:00–08:00 . . . . .	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
– dagtaxti 08:00–20:00 . . . . .	6.83 kr/kWst	8.50 kr/kWst
D.2 Húshitun; niðurgreidd . . . . .	1.40 kr/kWst	1.74 kr/kWst

Auk ofangreindra orku- og/eða aflgjalda greiðir notandi mælagjald samkvæmt töflu hér á eftir.

#### II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

##### 1. Aflgjaldsmæling (B.1)

Gjaldskrártaxti B.1 tekur til allrar notkunar viðkomandi húsveitu og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1 veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald skal ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur skal fara fram í lok hvers mánaðar.

Lámarsaflgjald er miðað við 15 kW. Heimilt er að veita notanda með lægra meðalgildi en 15 kW að kaupa rafmagn skv. B.1 enda greiði hann þá lámarksaflgjaldið.